

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1162 Eldisstöðin Íspór hf.	Nesbraut 25 815 Þorlákshöfn	Sverrir Valdemarsson Stöðvarstjóri			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	6.3.2024	12.3.2024	7,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 12 skoðunatriða af 18. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 7 skoðunatriðum, þar af 2 Alvarleg frávik og 5 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)	2.1.2 Framleiðsluskýrsla
5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)	4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni
	5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva
	5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)
	5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Karl Steinar Óskarsson, Jónína Guðmundssdóttir og Vigdís Sigurðardóttir fóru í eftirlit í Eldisstöðina Íspór þann 6. mars 2024.

Gengið var um fiskeldisstöð og eldisker yfirfarin og varnir gegn stroki skoðuð. Farið var yfir gæðakerfi og skráningar fiskeldisstöðvarinnar á skrifstofu. Þar sem gæðastjóri var ekki tiltækur og enginn gæðafulltrúi að störfum hjá Íspór bendir Matvælastofnun á að gott væri ef stöðvarstjóri fengi viðeigandi þjálfun í gæðakerfi fyrirtækisins. Gæðastjóri og stöðvarstjóri fengu tölvupóst með lista yfir gögn sem vantaði vegna eftirlits í Íspóri þann 7. mars og frest til 11. mars til að skila inn gögnum. Engin gögn bárust frá rekstraraðila.

Matvælastofnun mun koma í eftirfylgni eftirlit þann 16. apríl n.k.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnisýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnisýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Eldisstöðin Íspór hf.
Nesbraut 25
815 Þorlákshöfn
Staða: Í gildi
Kennitala: 6605090380

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð

Tengiliðir

Sigurður Örn Jakobsson	8633342	sigurdur@isthor.is	Stöðvarstjóri
Sverrir Rafn Valdemarsson	6558525	sverrir@isthor.is	Stöðvarstjóri

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 12.03.2024

Frávik

Engar upplýsingar bárust um mánaðarlegar framleiðslutölur síðan í síðasta eftirliti (dags. 2. júní 2023), líkt og beðið var um. Fram þarf að koma a.m.k.: lífmassi, fjöldi, afföll í fjölda og massa, förgun í fjölda og massa.

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 12.03.2024

Frávik

Ekki var til formleg viðhaldsskrá fyrir eldisbúnað, s.s. aldur eldiskerja og viðhald á þeim.

Ristar á gólfi þar sem minnstu seiðin eru alin eru of stórar miðað við stærð seiðanna. Seinni vörn í frárennsli grípur ekki þessi seiði. Því þarf að minnka ristar í gólfi.

Tveir fiskar sáust í frárennsli stöðvarinnar. Mikilvægt er að fjarlægja þá sem fyrst.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 12.03.2024

Alvarlegt frávik

Eftirfarandi atriði bárust ekki vegna eftirlits:

Innra eftirlit – verklag til staðar sem tryggir skilvirkt innra eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðvar. Fram skal koma: Markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, aðgerðir til úrbóta, hvað skal skrá

- Starfrækja skal gæðakerfi sem hluta af innra eftirliti þar sem koma fram verklagsreglur stöðvar þar sem m.a. er fjallað um þjálfun starfsmanna, viðhalds- og viðbragðsáætlanir, sbr. viðauka III.
- Koma á virku eftirliti þar sem fram kemur hvað á að vakta, hver á að annast vöktun, hvenær og hvernig vöktun fer fram.
- Skilgreina skal viðmiðanir fyrir þau eftirlitsatriði sem eru vöktuð
- Skilgreina skal hver er ábyrgur fyrir framkvæmd úrbóta og lýsa aðferðum og aðgerðum sem nauðsynlegar teljast til að leiðrétta frávik.
- Skrá skal allt eftirlit, úrbætur og viðhald sem tengist innra eftirliti eldisstöðvar og geyma í minnst fimm ár. Allar skráningar skulu dagsettar og undirritaðar.
- Rekstrarleyfishafi skal sannreyna að verklagsreglur og viðbragðsáætlanir uppfylli markmið og gera nauðsynlegar úrbætur.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 12.03.2024

Alvarlegt frávik

Eftirfarandi atriði bárust ekki vegna eftirlits:

- Hafa skal verklag sem sýnir að rekstrarleyfishafi rýni reglulega þau kerfi og þær verklagsreglur sem settar eru fram í gæðahandbók.
- Skipa skal sannprófunarhóp sem er óháður.

- Sannprófa skal árlega.
- Sannprófa skal eftir strok eða önnur alvarleg óhöpp.
- Sannprófa skal eftir verulegar breytingar á rekstri fiskeldisstöðvar.
- Gátlisti skal vera til staðar sem inniheldur öll þau atriði sem þarf að sannprófa:
 - a) Gátlistinn skal innihalda a.m.k. alla kafla gæðahandbókar
 - b) Merkjja skal við hvort atriði séu í lagi eða ekki.
 - c) Allar skráningar á innra eftirliti skulu koma fram
 - e) Koma skal fram hvort fyrirbyggjandi ráðstöfunum hafi verið fylgt varðandi:
 - I) Viðhald á eldisstöðinni
 - II) Þjálfun starfsmanna
 - III) Verklagsreglur
 - IV) Var viðbragðsáætlunum framfylgt?
 - V) Var eftirlit og úrbætur í samræmi við innra eftirliti?
 - VI) Var ástæða til að breyta þeim viðmiðunum?
 - VII) Voru fullnægjandi úrbætur gerðar á athugasemdum utanaðkomandi eftirlitsaðila (t.d. UST og MAST)?
- Staðfesting skal vera á árlegri sannprófun.
- Sannprófa skal eftir óvænt atvik sem urðu á árinu.
- Úrbætur og skráning.
- Niðurstöður sannprófuninnar skulu skráðar og undirritaðar af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar.
- Tímasett úrbótaáætlun skal gerð fyrir þau atriði sem metið var að þyrftu frekari úrbætur.

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 05.03.2021

Frávik

Eftirfarandi atriði bárust ekki vegna eftirlits:

- Verklag til staðar um skipulag og ábyrgðaskiptingu
- Skrá og áætlun um fræðslu/þjálfun starfsmanna
- Skipurit þar sem fram kemur starfsheiti einstakra sjórnenda Íspórs og skipurit fyrir alla starfsmenn fiskeldisstöðvarinnar
- Ábyrgðasvið og starfslýsingar allra starfsmanna Íspórs
- Staðfesting á að árlegur fundur hafi verið haldinn með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvarinnar þar sem fram kemur að farið hafi verið yfir innihald gæðahandbókar og breytingar kynntar auk nýrra áherslnar sem gerðar hafi verið.

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi > 20.tonn)

Sett inn: 12.03.2024

Frávik

Eftirfarandi atriði bárust ekki vegna eftirlits:

Þjálfunarskrá starfsmanna Íspórs:

- Þjálfunarskrá til staðar fyrir hvern starfsmann.
- Skrá og áætlun um fræðslu/þjálfun starfsmanna.
- Tilgreint hvaða þjálfun starfsmaður hefur lokið.
- Allir starfsmenn skulu a.m.k. fá eftirfarandi þjálfun:
 - a) að hindra strok og virkja viðbragðsáætlun
 - b) að lágmarka umhverfisáhrif
 - c) að tryggja velferð dýra
- Staðfest þátttaka starfsmanna á árlegum fundi um innihald gæðahandbókar þar sem breytingar eru kynntar auk nýrra áherslna sem gerðar hafa verið.

Nýliðþjálfun starfsmanna Íspórs:

- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á vörnum gegn stroki; helstu ástæður og hvernig má koma í veg fyrir stök
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á viðbrögðum við stroki
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á meðhöndlun eiturefna þegar við á
- Staðfesting á að nýir starfsmenn hafi fengið kynningu á verlagsreglum, viðbragðsáætlunum og því innra eftiriti sem viðkemur starfssviði starfsmanns

5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi > 20.tonn)

Sett inn: 12.03.2024

Frávik

Eftirfarandi atriði bárust ekki vegna eftirlits:

- Verklagsregla um móttöku seiða frá Fjallalax
- Verklegasregla um flutning fisks úr stöð

Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi > 20.tonn)

Vigdís Sigurðardóttir
vigdis.sigurdardottir@mast.is
Fagsviðsstjóri fiskeldis
530-4800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.